

vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1898:

Halldór Bjarnarson

gegn

Sigurlaugu Benjamínsdóttur, Ingi-  
mundi Sigurðssyni, Halldóri Sig-  
urðssyni og Hólmsfríði Sigurðar-  
dóttur.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað af ekkju og 3 börnum Sigurðar heitins Rafnssonar frá Snartastöðum gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði haft um Sigurð Rafnsson látinn í framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meidyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu, og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu um mæli voru dæmd ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu 14. apríl þ. á. og krafzt þess aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður, og að honum verði, hvernig sem fer, tildæmd-

ur málskostnaður að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hin stefndu hafa af sinni hálfu krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Af skjölum málsins þykir mega sjá það, að allir málsviðeigendur hafi átt heimili innan sömu þinghár (í Presthólahreppi), þegar málið var höfðað. Það var því eigi heimilt að stefna því fyrir gestarjett með kvöldstefnufresti, eins og gjört var, án samþykkis áfrýjanda (stefnda í hjeradi); slíkt samþykki hefur eigi verið fengið, enda mætti áfrýjandi eigi fyrir gestarjettinum og bar þar enga vörn fram fyrir sig. Það verður því eigi hjá því komizt að dæma ómerkan hinn áfrýjanda dóm og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir þessum úrslitum málsins verða hin stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera ómerkur, og visast málinu frá gestarjettinum. Hin stefndu Sigurlaug Benjamínsdóttir, Ingimundur Sigurðsson, Halldór Sigurðsson og Hólmfríður Sigurðardóttir greiði áfrýjanda, Halldóri prófasti Bjarnarsyni, 15 kr. sem málskostnað, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.